

REGLUGERÐ

121

28. marz

um breytingu á reglugerð nr. 211 28. des. 1953, um frjálsan innflutning og gjaldeyrissölu.

1. gr.

Úr tollskrárn. 52/28—30 í A-lið 1. gr. reglugerðarinnar falli umbúðapokar úr jútu, og skal innflutningur þeirra aðeins fara fram samkvæmt gjaldeyris- og innflutningsleyfum Innflutningsskrifstofunnar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 88 24. desember 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 28. marz 1956.

Ingólfur Jónsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

GJALDSKRÁ

122

28. marz

um greiðslur fyrir aukaverk presta.

1. gr.

Aukaverk sóknarpresta eru hin sömu, er tíðkæzt hafa samkvæmt fyrirmælum laga og venjum þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum greiðsla eins og hér segir:

1. Fyrir skráningu nafns barns í ministerialbók	kr. 25.00
2. — fermingu ásamt undirbúningi	— 100.00
3. — hjónavígslu	— 75.00
4. — greftrun	— 50.00
5. — endurskoðun kirkjureiknings	— 10.00
6. — vottorð, er prestur gefur í embættisnafni . . .	— 5.00

Á fjárhæðir þessar skal greiða sömu verðlagsuppbót (vísitölu) og ríkið greiðir á laun starfsmanna sinna.

Prestur lætur ókeypis í té vottorð vegna meðlagsgreiðslu barna, vottorð um fjárhag fátækra manna og vottorð gefin samkvæmt beiðni sveitarstjórna, opinberra stofnana og annarra stjórnarvalda. Enn fremur er presti skylt að gefa ókeypis vottorð hlutaðeigendum um skirnir og hjónavígslur, er hann framkvæmir, enda sé þeirra vitjað til hans eigi síðar en viku eftir að athöfnin fór fram.

3. gr.

Nú flytur prestur, samkvæmt beiðni, ræðu við hjónavígslu eða jarðarför, og ber honum þá sérstök greiðsla fyrir það eftir ástæðum hlutaðeigenda, eins og tíðkæzt hefur.